Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Ísafjörður
27. október 2026

Efni: Fallið frá fyrirhugaðri niðurfellingu Hólsvegar nr. 6282-01 af vegaskrá

Vísað er til fyrra bréfs Vegagerðarinnar, dags. 14. september 2026, þar sem tilkynnt var um að fyrirhugað væri að fella Hólsveg nr. 6282-01 af vegaskrá þar sem hann uppfylli ekki lengur skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, um héraðsvegi, sem er einn flokkur þjóðvega.

Með ofangreindu bréfi var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við fyrirhugaða ákvörðun fyrir 12. október sl.

Vegagerðinni barst athugasemd við fyrirhugaða ákvörðun þar sem bent var á að lögheimili væri skráð að Hóli í Firði. Vegagerðin hefur farið yfir athugasemdina og fengið staðfest að lögheimili er að Hóli í Firði.

Með bréfi þessu er hér með tilkynnt um að Hólsvegur nr. 6282-01 uppfyllir skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga og verður því ekki felldur út af vegaskrá sem þjóðvegur.

Ákvörðun þessi er kæranleg til innviðaráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Afrit

Vegagerðin

+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar.
Aníta Björk Pálínudóttir
Tæknideild Vestursvæðis

Undirskrift
Aníta Björk Pálínudóttir